

Pistill í Húnavöku frá Héraðsskjalasafni A-Hún.

Vel hefur gengið að skanna og skrá ljósmyndir safnsins á árinu , en þær eru um 15.200 talsins. Héraðsskjalavörður hefur búið til nýja heimasíðu fyrir safnið og þar er hægt að nálgast ýmsan fróðleik, þar er einnig hægt að skoða ljósmyndasíðu safnsins, sem er facebooksíða útbúin af umsjónarmanni ljósmynda, Guðmundi Paul Jónssyni, en hún inniheldur lítinn hluta mynda þeirra sem til eru, eða ca. 981 mynd. Slóðin er www.simnet.is/skjalasafn

Farið var í gegnum öryggismál safnsins á árinu og var gerður samningur við Símann um öryggisafritun gagna og mynda. Læstir stálskápar voru keyptir af Léttitækni, sem sá um uppsetninguna, en þeir eru ætlaðir fyrir trúnaðargögn sem berast safninu.

Fyrirspurnir hafa borist jafnt og þétt bæði simleiðis og í tölvupósti og er þeim svarað eins fljótt og unnt er.

Gestum safnsins hefur fækkað talsvert en einungis 54 skráðu sig í gestabókina og afhendingar hafa verið 14 að þessu sinni.

Héraðsskjalavörður vill þakka eftirtöldum aðilum fyrir afhendingar þær sem borist hafa á þessu ári en jafnframt minna á að alltaf er hægt að taka við meiru, jafnt skilaskyldu efni sem og einkaskjölum eða myndum.

Afhendingaraðilar eru:

Herbert Guðmundsson, Reykjavík
Heiðdís Haraldsdóttir, Akureyri
Pétur Þorláksson, Blönduósi
Jón Steindórsson, Reykjavík
Þórhildur Ísberg, Blönduósi
Hjördís Líndal, Reykjavík
Birna S. Lúkasdóttir, Blönduósi
Sigurður H. Pétursson, Merkjalæk
Björn Leví Halldórsson, Reykjavík
Skarphéðinn Ragnarsson, Blönduósi
Guðrún Blöndal, Reykjavík
Pétur Símon Víglundsson, Reykjavík
Ingibjörg Kristjánsdóttir, Blönduósi
Sigurvaldi Sigurjónsson, Blönduósi

Svala Runólfsdóttir,
héraðsskjalavörður